



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2018
Tilvísun: HI18020021/0.3

Umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um óháða, faglega staðarvalsgreiningu fyrir nýtt þjóðarsjúkrahús, þingskjal 155 - 88. mál.

Ákvörðun um staðsetningu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík hefur legið fyrir árum saman og öll undirbúningsvinna sem fram hefur farið af hálfu Háskóla Íslands og spítalans hefur tekið mið af því. Starfsemi Landspítala og Háskóla Íslands er mjög samofin og stofnanirnar hafa áratugum saman átt með sér mjög náið og farsælt samstarf. Landspítalinn er aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús, þar sem fram fer klínísk kennsla nemenda í heilbrigðisvísindagreinum sem kenndar eru í deildum Heilbrigðisvísindasviðs háskólans, auk þess sem margþætt samstarf er um vísindarannsóknir og samnýtingu tækja, búnaðar og aðstöðu. Öll áform um uppbyggingu húsnæðis fyrir kennslu í heilbrigðisvísindagreinum innan Háskóla Íslands í gegnum tíðina hafa tekið mið af nánnum tengslum við hann. Læknagarður reis á áttunda áratug síðustu aldar og nú er í undirbúningi nýbygging fyrir Heilbrigðisvísindasvið við hlið Læknagarðs og þar með stækkun húsnæðis fræðasviðsins á spítalalóðinni.

Fyrir liggur að afar erfitt yrði að standa fyrir menntun nemenda í heilbrigðisgreinum ef Háskóli Íslands og Landspítali eru ekki staðsett þannig að stutt sé á milli stofnananna. Aðstaða til verknáms er talin best með þessari nálægð, s.s. í læknisfræði, hjúkrunarfræði, ljósmóðurfræði, sjúkraþjálfun, geislafræði, lífeindafræði, talmeinafræði, matvæla- og næringarfræði, lyfjafræði, sálfræði og lýðheilsuvísindum, auk greina sem tengjast umönnun og velferð, s.s. þroskaþjálfing, félagsráðgjöf, verkfræði, guðfræði o.s.frv.

Rannsóknir og nýsköpun innan heilbrigðisvísindagreina þurfa að sama skapi slíka nálægð, en þverfræðilegt samstarf milli aðila ólíkra fræðigreina er nú talinn einn helsti lykilli að öflugum rannsóknum og þróun þekkingar innan samfélaga heims. Mjög öflugt samstarf og samgangur er í dag á milli vísindamanna á spítalanum og Háskóla Íslands. Í fyrirbyggjandi tillögu um uppbyggingu spítalastarfsemi á svæðinu er gert ráð fyrir að rannsóknastofubbygging spítalans risi vestan við Læknagarð til að styrkja enn frekar rannsóknastarfsemi á milli aðila.

Nemendur við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands eru 2.300 talsins og kennarar 320. Allmargir kennaranna eru í hlutastörfum við deildir Heilbrigðisvísindasviðs jafnhliða klínísku starfi innan Landspítala.

Nálægð Heilbrigðisvísindasviðs HÍ við háskólasvæðið er afar mikilvæg vegna samkennslu innan skólans og samvinnu við önnur fræðasvið háskólans. Að flytja starfsemi sviðsins eða hluta þess annað myndi skapa margs konar praktískt óhagræði fyrir utan kostnaðinn sem því yrði samfara. Langar vegalengdir slíta sundur samfellu í vinnudegi nemenda og kennara. Verkleg og bókleg kennsla er iðulega samtvinnuð og óhagræði fólgið í að þurfa að fara langar leiðir á milli staða. Í nýrri samgöngukönnun sem gerð var innan háskólans kemur fram að færri nemendur og starfsfólk fara nú ferða sinna í einkabíl en var fyrir tíu árum síðan. Þá sögðust tæplega 60% koma á eigin bifreið (nemendur og starfsfólk), en í dag segjast um 50% starfsmanna koma á eigin bifreið og um 44% nemenda. Gera mætti ráð fyrir að enn fleiri nemendur og kennarar ferðuðust um í einkabíl ef staðsetning náms og kennslu yrði utan núverandi háskóla-/spítalaskvæðis.

Ítrekað er að starfsemi Háskóla Íslands og Landspítalans verði staðsett á sama stað. Ef finna ætti spítalanum nýja staðsetningu þá stæði Háskóli Íslands frammi fyrir auknum kostnaði vegna nýframkvæmda fyrir Heilbrigðisvísindasvið við spítalann. Viðbótarkostnaður Háskóla Íslands sem hlytist af mögulegum flutningi spítalans er varlega áætlaðar amk. 10 milljarðar til viðbótar við þá fjármuni sem gert er ráð fyrir að veittir verði í fyrirhugaða 9.200 m² nýbyggingu við Læknagarð í núverandi framkvæmdaáætlun

Virðingarfyllt



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands